



Alþýðusamband Íslands

Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16.5.2019  
Tilvísun: 201905-0017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (nýting séreignarsparnaðar), 891. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (nýting séreignarsparnaðar), 891. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að núverandi heimild til skattfrjálsrar ráðstöfunar og úttektar á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, sem að óbreyttu fellur úr gildi þann 30. júní n.k., verði framlengd um tvö ár eða til 30. júní 2021.

Frumvarpið er liður í að framfylgja loforðum sem gefin voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þann 3. apríl síðastliðinn. Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að staðið verði við gefin fyrirheit með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2019

**Efni: Vegna frumvarps um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (nýting séreignarsparnaðar), 891. mál.**

Bandalag háskólamanna fagnar öllum stuðningi stjórnvalda til handa einstaklingum til að eignast eigið íbúðarhúsnæði og stuðla að lægri skuldsetningu vegna íbúðarhúsnæðis. Hraðari niðurgreiðsla höfuðstóls felur í sér sparnað þar sem vaxtaútreikningur byggist á sífelld lægri grunni og heildarvaxtakostnaður verður lægri yfir lánstíma en ef ekki hefði verið greitt inn á höfuðstól. Þannig er valkvæður möguleiki sem þessi gott innlegg inn í það hávaxtaumhverfi sem almenningur býr við hér á landi.

BHM beinir því þó til stjórnvalda að nýta þetta tækifæri og gera útfærslubreytingar sem tryggja myndu jafnræði í notkun úrræðisins. Föst fjárhæð leyfilegrar skattfrjálsrar ráðstöfunar á húsnæðislán fyrir hvern einstakling eða sambúðarfólk, með engum eða lengri tímamörkum, myndi tryggja jafnræði. Til að mynda eru hámarksgreiðslur Fæðingarorlofssjóðs með þeim hætti að þeir sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs ná ekki að fullnýta rétt sinn til skattfrjálsrar ráðstöfunar á því tímabili. Sama staða getur komið upp hjá einstaklingum sem verða tímabundið óvirkir á vinnumarkaði af öðrum orsökum. BHM telur rétt að huga að þessum þáttum enda úrræðið ekki síst ætlað ungu fólki.

Virðingarfyllst,  
  
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Efni:

Stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (nýting séreignarsparnaðar), 891. mál.

Í 1. og 2 gr. frumvarpsins er gerð breyting á dagsetningum þannig að í stað 30. júní 2019 komi 30. júní 2021. Sama á við um 4. gr. sem lýtur að breytingu á öðrum lögum.

Sé litið til yfirlýsingar stjórnvalda í tengslum við gerð "Lífskjarasamninganna" virðist sem ekki komi fram tillaga til beytinga sem nær til aðila sem ekki hafa átt fasteign í fimm á að ákveðnum skilurðum uppfylltum. Eftirfarandi er orðrétt í 8 tölulið;

*Stuðningur stjórnvalda við fyrstu kaup náí einnig til þeirra sem ekki hafa átt fasteign í fimm ár að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.*

Lagt er til að samhliða þeim breytingum sem nú þegar koma fram í 4. grein frumvarpsins verði gerð breyting á lögum nr. 111/2016 þar sem felldar verði inn heimildir til samræmis við framangreindan 8 tl. í yfirlýsingu stjórnvalda um stuðning við íbúðakaup.

Þess er vænst að þingnefnd geti tekið tillit til framangreindrar athugasemdar í meðferð málsins.

Virðingarfyllst,

Birgir Finnbogason  
endurskoðandi

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



6. júní 2019

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 891. mál á 149. löggjafarþingi**

*Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (nýting séreignarsparnaðar)*

Með frumvarpi þessu er lagt til að heimild til skattfrjálsrar nýtingar séreignarsparnaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hraðari niðurgreiðslu húsnæðislána, verði framlengd um 2 ár eða til 30. júní 2021. Þá er vísað til þess í greinargerð með frumvarpinu að það sé liður í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum í tengslum við nýgerða kjarasamninga á vinnumarkaði. Auk þessa frumvarps hefur legið fyrir sambærilegt þingmannafrumvarp, þar sem er lagt til að þessi úrræði verði framlengd um 3 ár (þskj. 981 - 583. mál 149. löggj.).

Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt því að umrædd úrræði verði framlengd og leggja því til að síðarnefnda frumvarpið verði samþykkt. Enn fremur leggja samtökin til að um leið verði sá tími nýttur til þess að taka fyrirkomulag og útfærslu þeirra úrræða til nánari skoðunar. Þar á meðal verði kannaðir möguleikar á að rýmka heimildir einstaklinga til að ákveða sjálfir að hve miklu leyti lífeyrissparnaður þeirra verði fjárfestur í eigin íbúðarhúsnæði, að sá hluti húsnæðis sem þannig er fjármagnaður verði ekki aðfararhæfur frekar en samsvarandi lífeyriseign yrði, ásamt því að ráðist verði í stefnumótun með því markmiði að slík úrræði verði ekki tímabundin heldur varanleg.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



Reykjavík, 21. maí 2019

R2019050166/12.3

Alþingi, nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Kt. 420169-3889

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum (nýting séreignarsparnaðar) – 891. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur hinn 14. maí 2019 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að heimild til ráðstöfunar og úttektar á viðbótariðgjaldi til séreignarsparnaðar í tengslum við öflun á íbúðarhúsnæði til eigin nota verði framlengd um tvö ár.

Umrædd heimild til ráðstöfunar á greiðslum í séreignarlífeyrissjóð var fyrst lögfest með lögum nr. 40/2014, um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar, og miðuðust við tímabilið 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Heimildin takmarkaðist m.a. við ráðstöfun á samtals 750.000 kr. á ári til greiðslu inn á lán sem tekin höfðu verið til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota í tilviki hjóna eða sambúðarfólks og 500.000 kr. í tilviki einhleypinga. Samtals nam hámarksfjárhæð allt það tímabil sem um ræddi samkvæmt lögnum 2.250.000 kr. hjá hjónum/sambúðarfólki en 1.500.000 kr. hjá einhleypingi. Heimild til umræddrar ráðstöfunar til greiðslu inn á lán til íbúðarverka var síðan framlengd um tvö ár með b. lið 5. gr. laga nr. 111/2016, um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð, til 30. júní 2019. Engar breytingar voru gerðar á hámarksfjárhæðum þannig að samtals námu hámarksfjárhæðir öll fimm árin því 3.750.000 kr. í tilviki hjóna/sambúðarfólks og 2.500.000 kr. í tilviki einhleypinga.

Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir er lagt til að umrædd heimild til úttektar verði framlengd enn á ný og þessu sinni til 30. júní 2021. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á fjárhæðum samkvæmt frumvarpinu og nema hámarksfjárhæðir öll sjö árin því 5.250.000 kr. í tilviki hjóna/sambýlisfólks og 3.500.000 kr. í tilviki einhleypinga.

Ríkisskattstjóri vill taka fram að eins og rakið er að framan var í fyrstu um tímabundnar heimildir að ræða sem giltu í þrjú ár. Þar sem í raun var um að ræða hluta af hinni s.k. leiðréttingu fasteignaveðlána var framkvæmd beggja þessara verkefna samtengd. Þetta þýðir m.a. að notaður er vefurinn leidretting.is fyrir umsóknir um ráðstöfun á séreignarsparnaði til greiðslu inn á lán sem tekin voru til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama gildir um allar breytingar sem


gera þarf á umsóknum, t.d. þegar eldri lán eru greidd upp og ný tekin í staðinn, skipt er um húsnæði og ný lán tekin í því sambandi, eða ýmsar aðrar breytingar verða á högum viðkomandi. Það er engum blöðum um það að fletta að slíkar breytingar á umsóknum um ráðstöfun séreignasparnaðar hafa orðið fleiri en nokkurn óraði fyrir í upphafi. Verkefnið hefur þannig kallað á mun meiri vinnu en gert var ráð fyrir í byrjun og orðið að viðvarandi verkefni sem einnig hefur komið á óvart.

Þegar heimild til ráðstöfunar séreignasparnaðar var framlengd á árinu 2017 var ákveðið að halda tæknilegu umhverfi með sama hætti þótt á því hafi reynst töluverðir vankantar sem kalla á lengri afgreiðslutíma og meiri vinnu en ásættanlegt má telja ef til lengri tíma er litið. Var þessi ákvörðun fyrst og fremst byggð á þeim forsendum að um væri að ræða tímabundna framlengingu verkefnisins. Þá var ekki bætt við starfsmönnum sérstaklega til þessara verka, en þeim sinnt af hluta þeirra starfsmanna sem á sínum tíma voru ráðnir til ríkisskattstjóra í tengslum við leiðréttingu fasteignaveðlána á árinu 2014. Öðru hverju hefur fengist tímabundinn liðsauki í þessi verk með því að færa starfsmenn úr öðrum verkefnum, s.s. skatteftirliti, en jafnframt hafa starfsmenn verið fengnir til að vinna í yfirvinnu við afgreiðslu á umsóknum og breytingum á þeim.

Ríkisskattstjóri gerir út af fyrir sig ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en það blasir við að nú þegar aftur er fyrirhugað að framlengja gildistíma þessarar heimildar þá er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til einföldunar úrvinnslu umsókna og breytinga á þeim, og jafnframt til styttingar afgreiðslutíma sem verið hefur of langur. Þetta kallar á bæði fjármuni til að gera nauðsynlegar úrbætur á tækniumhverfinu og á fleiri starfsmenn sem eingöngu sinni umræddu verkefni. Óviðunandi er að til lengdar sé farin sú leið að færa starfsmenn úr öðrum verkum eða byggja á vinnu utan venjulegs vinnutíma svo að sinna megi þessu umfangsmikla verkefni. Allar tafir á afgreiðslu hafa óneitanlega í för með sér óþægindi, ef ekki kostnað, fyrir þá sem nýta sér þetta úrræði. Dráttur á afgreiðslu kallar óumflýjanlega einnig á þjónustu starfsmanna sem gera þurfa viðskiptavinum grein fyrir stöðu mála, en þeim tíma hefði ella mátt verja í afgreiðslu. Það er mat ríkisskattstjóra að bæta þurfi við tveimur starfsmönnum í þessu sambandi. Gera má ráð fyrir að samtals þyrfti um 20-30 milljónir í viðbótarfjárveitingu vegna þessa verkefnis næstu tvö ár, en ekki verður séð af frumvarpinu að gert sé ráð fyrir slíkum aukakostnaði samhliða lögfestingu þess.

Virðingarfyllst,

f.h. ríkisskattstjóra

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Elín Almá Arthursdóttir